

BRYNDÍS ZOËGA,
YLFA LEIFSDÓTTIR

*Fornleifaskráning vegna breytinga á hluta
Laxárdalsvegar í Hrútafirði.*



Forsíðumynd: Mógröf í landi Kjörseyrar.



Efnisyfirlit

Inngangur	1
Tilgangur fornleifaskráningar	2
Aðferðarfræði	3
Fornleifaskrá	4
Samantekt	9
Heimildaskrá	11

Inngangur

Byggðasafn Skagfirðinga tók að sér skráningu á fornleifum vegna breytinga á austasta hluta Laxárdalsvegar, í Hrútafirði, að beiðni Vegagerðarinnar. Tengiliður við Vegaverðina vegna verkefnisins var Magnús Björnsson verkefnastjóri.

Skráningarsvæðið var rúmlega 8km að lengd og nær frá gatnamótum við Innstrandarveg. Helstu breytingar á vegi eru við gatnamótin en annars er einkum um rask meðfram vegi vegna skeringa og fyllinga. Vegurinn liggur að hluta í gegnum land Kjörseyrar og að hluta í gegnum land Borðeyrar. Auk svæðis umhverfis veglínu voru skráðar sex námur-efnistökusvæði. Hluti af þeim efnistökusvæðum sem voru skráð, höfðu þegar verið tekin í notkun.

Vettvangsskráning fór fram 11. september 2022 og var unnin af Brendu Prehal fornleifafræðingi og Ylfu Leifsdóttir fornleifafræðinema. Bryndís Zoëga landfræðingur sá um lokaúrvinnslu og skýrsluskrif.

Heimildamenn fá sérstakar þakkir fyrir aðstoðina.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 2812

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirlögd hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrár með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsgöðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsétt.

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Aðferðarfræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá fornleifar nafn vegarins, þ.e. Laxárdalsvegur, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Til dæmis fá reiðgötur í landi Kjørseyrar raðnúmerið 1 og framan við það er sett verkefnisnúmer Minjastofnunar Laxárdalsvegur 2812-1. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

Lagt er mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast við mögulega hættu af völdum fyrirhugaðra breytinga á Laxárdalsvegi.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1m í skekkju.

Yfirlitsmynd er að finna í samantekt aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Í fylgiskjöllum er ítarlegri tafla þar sem staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í Ísnetshnitum (ISN93).

Fornleifaskrá

Laxárdalsvegur-2812-1

Hlutverk: Leið

Tegund: Götur

Hættumat: Engin hætta. Göturnar eru um 50m norðan við miðlínu vegar og ekki taldar í hættu vegna framkvæmda.

Staðhættir

Laxárdalsvegur liggur á kafla yfir svonefndan Reiðgötuhygg, en um hann lá gamli vegurinn yfir Laxárdalsheiði.

Lýsing

Á loftmyndum sjást mjög víða reiðgötur á heiðinni. Suðaustur af Reiðgötuvatni, norðan við núverandi veg eru greinilegar reiðgötur og liggja þær upp með vatninu að vestan. Hluti gatnanna var mældur og teiknaður upp af loftmynd.

Aðrar upplýsingar

Í ornefnaskrá segir: „Norðvestur af Þverskurði er Kjörseyrartungan einna hæst og töluvert bungumynduð. Hryggurinn, sem þarna myndast, heitir Reiðgötuhyggur hann liggur nokkurn veginn frá austri til vesturs. Þarna lá gamli vegurinn yfir Laxárdalsheiði.“ (Kjörseyri. Skráð eftir Jóni Kristjánssyni 1976 og 77, 3)

Laxárdalsvegur-2812-2

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Um 30m norðan við Laxárdalsveg og um 2,6 km vestur (vnr) af gatnamótum við Innstrandarveg eru mógrafir.

Lýsing

Á vettvangi var mæld ein vel greinileg mógröf sem er um 5x11m að utanmáli. Enn er vatn í gröfinni. Á loftmynd virðast svo vera



Mynd 1. Mógröf 2812-1. Horft er til norðurs.

mógrafir vestar sem eru ógreinilegri að sjá og líklega eldri. Svæðið er allt skráð sem ein held hér.

Laxárdalsvegur-2812-3

Sérheiti: Tjaldhóll

Hlutverk: Tjaldstæði

Tegund: Heimild

Hættumat: Ómetið. Engar minjar eru sjáanlegar en sé staðsetning Tjaldshóls á Örnefnasjá rétt, mun hóllinn sjálfur verða að efnisnámu fyrir vegagerðina.

Staðhættir

Á Örnefnasjá Landmælinga er Tjaldhóllinn á milli núverandi og eldri Laxárdalsvegar þar sem er fyrirhuguð náma vegna vegagerðar. Hann er tæplega 300m austur af mógröf [2812-2].

Lýsing

Heimildir eru um að þarna hafi verið tjaldað við heyskap en engar minjar sjáanlegar. Hóllinn var staðsettur eftir upplýsingum á Örnefnasjá Landmælinga og sú staðsetning staðfest af Ingu Hrönn Georgsdóttur, bónda á Kjörseyri (Munnleg heimild: 25.10.2022).

Aðrar upplýsingar

„Norðan við Reiðgötuflóann austarlega er áberandi hóll með kletti efst. Hann heitir Tjaldhóll. Há og brött brekka sunnan í honum og breið neðan við. Arna var oft tjaldað, meðan legið var við vegna heyskapa.“ (Kjörseyri. Skráð eftir Jóni Kristjánssyni 1976 og 77, 3).

Laxárdalsvegur-2812-4

Hlutverk: Vað

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hættu. Vegurinn liggur þar sem vaðið var og ekki er talið um frekari hættu að ræða vegna núverandi framkvæmda.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Borðeyrarbæjar segir að vað hafi verið þar sem ræsi er á Laxárdalsheiðarveginum.

Lýsing

Vaðið var staðsett og hnit tekin af loftmynd.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Landið fyrir ofan gamla túnið og grjóthólana eru raklendar mýrar upp að svonefndum Selás, sem liggur frá Hrómundará skammt fyrir ofan vaðið, nú járnræsið, á Laxárdalsheiðarveginum og suður að Selborg.“ (Borðeyrarbær. Sæmundur Guðjónsson, 1977, 2).

Laxárdalsvegur-2812-5

Hlutverk: Girðing, túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta. Garðlagið er rúmlega 75m norður af veginum og er ekki talið í neinni hættu vegna framkvæmda.

Staðhættir

Um 680m norðvestur af gatnamótum við Innstrandarveg og rúmlega 80m norður af Laxárdalsvegi er grjóthlaðið garðlag. Mögulega eru þetta leifar af túngarðinum sem skráður er nr. [2812-6]

Lýsing

Garðlagið er um 50cm breitt og um 30cm hátt og gæti verið undan girðingu. Það virðist vera nokkurn veginn við suðausturhorn gamla túnsins.



Mynd 2. Garðlag [2812-5]. Horft er til norðurs og hóllinn í baksýn nefnist Bæjarhóll og er ofan (vestan) við gamla túnið.

Laxárdalsvegur-2812-6

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta. Garðlagið er um 95m frá miðlínu vegar og ekki talið í neinni hættu vegna framkvæmda.

Staðhættir

Sunnan með heimatúninu á Borðeyri er garðlag og hefur verið girt eftir því.

Lýsing

Garðlagið er tæpir 130m á lengd, gróið og liggur austur/vestur. Það er um 50cm hátt og breidd um 70 cm.



Mynd 3. Horft eftir túngarðinum [2812-6] til vesturs. Ofarlega til hægri á mynd er bæjarstæðið á Borðeyrarbæ.

Samkvæmt heimildamanni eru þetta leifar gamla túngarðsins (Munnleg heimild: Jóhann Ragnarsson, 25.10.2022).

Laxárdalsvegur-2812-7

Sérheiti: Náthagi

Hlutverk: Náthagi

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru tæpa 60m frá útbrún vegar og ekki taldar í hættu vegna vegagerðar.

Staðhættir

Rétt um 450 má norðvestur af gatnamótum við Innstrandarveg sunnan Laxárdalsvegar er náthagi.

Lýsing

Náthaginn er um 50m í þvermál, að hluta gróin vegghleðsla en víða sér líka í grjót í hleðslum. Veggghæð er mest um 90cm og veggbreidd er um metri. Garðlagið er vel greinilegt allan hringinn.


Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Suðvestan við gamla túnið er ávalur grasi gróinn hóll, Náthagi, hefir verið girtur, trúlega notaður fyrir kvíær á meðan fært var frá.“ (Borðeyrarbær. Sæmundur Guðjónsson, 1977, 2).




Mynd 4. Horft eftir náthaganum [2812-7] þar sem hann liggur upp fyrir hólnum sem hann umlykur. Horft er til suðvesturs.

Garðlögin eru mest um 80cm há og um 50cm breið. Nyrðra garðlagið er 4x5m að utanmáli. Þau eru að hluta gróin grasi og mosa en sér í grjót í hleðslu.



Mynd 5. Nátthaginn og minjar innan hans [2812-7-9].

Samantekt



Mynd 6. Yfirlitsmynd af framkvæmdasvæðinu og skráðum minjum sem eru í námunda þess.

Samtals voru skráðar 9 minjar innan skráningarsvæðisins, sem náði yfir hluta jarðanna Borðeyrarbæjar, Kjörseyrar og Laxárdals 3. Engin minjanna er talin í hættu vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda (tafla 1). Um er að ræða hefðbundnar minjar um búsetu, landbúnað og samgöngur, flestar frá 18-20. öld. Samgönguminjarnar eru þó að líkindum eldri og jafnvel allt frá elstu tíð. Í landi Kjörseyrar voru skráðar reiðgötur [2812-1], mógrafir [2812-2] og heimild um tjaldstæði [2812-3]. Þær minjar eru allar fjarri bæ. Í landi Borðeyrarbæjar eru vað [2812-4], tvenn garðlög [2812-5 og 6] og er a.m.k. annað þeirra [2812-6] leifar gamla túngarðsins, hugsanlega bæði. Sunnan vegar er nátthagi [2812-7] og innan hans tvennar hleðslur [2812-8 og 9] sem gætu hafa verið aðhald fyrir skepnur.

Tafla 1. Í töflunni eru helstu upplýsingar um skráðar minjar og fjarðlægð þeirra frá miðlínu vegar.

Nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Hættumat	Fjarlægð frá miðlínu (m)	Aldur frá
2812-1		Leið	Reiðgötur	Engin hættu	50	9-10. öld
2812-2		Mógrafir	Niðurgroftur	Engin hættu	30	18-20 öld
2812-3	Tjaldhóll	Tjaldstæði	Heimild	Engin hættu	Engar minjar	18-20 öld
2812-4		Vað	Heimild	Engin hættu	Í veglínu	Óvíst
2812-5		Girðing, túngarður	Garðlag	Engin hættu	85	18-20 öld
2812-6		Túngarður	Garðlag	Engin hættu	95	18-20 öld
2812-7	Nátthagi	Nátthagi	Garðlag	Engin hættu	60	18-20 öld
2812-8		Óþekkt, rétt	Garðlag	Engin hættu	100	18-20 öld
2812-9		Óþekkt, rétt	Garðlag	Engin hættu	85	18-20 öld

Niðurlag

Minjarnar eru allar fjarri vegi (tafla 1) og ekki talið að þær séu í hættu vegna vegaframkvæmda. Þó ber að hafa í huga að skráningin nær til þeirra minja sem enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra horfinna minna er þekkt en minjar geta leynst undir yfirborði þó þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunnar.

Heimildaskrá

Örnefnaskrár

Borðeyrarbær. Sæmundur Guðjónsson, 1977, 2. Örnefnastofnun Íslands.

Kjörseyri. Skráð eftir Jóni Kristjánssyni, 1976 og 77. Örnefnastofnun Íslands.

Heimildamenn

Inga Hrönn Georgsdóttir, 25.10.2022.

Jóhann Ragnarsson, 25.10.2022.

Fylgiskjal

Hnitaskrá 2812, Laxárdalsvegur

Númer	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Vegghæð	Veggbreidd	x	y
2812-1		reiðgötur	leið	1000	1940	vel greinanleg	engin hætta	0.0	0.0	398262	527141
2812-2		niðurgröftur	mógrafir	1700	1900	vel greinanleg	engin hætta	0.0	0.0	398415	527143
2812-3	Tjaldhóll	heimild	tjaldstæði	1800	1950	engar minjar	engin hætta	0.0	0.0	398719	527083
2812-4		heimild	vað	1000	1940	sést ekki	engin hætta	0.0	0.0	399840	526962
2812-5		garðlag	girðing, túngarður	1800	1900	greinanleg	engin hætta	0.3	0.5	400419	526925
2812-6		garðlag	túngarður	1800	1900	vel greinanleg	engin hætta	0.5	0.7	400681	526878
2812-7	Nátthagi	garðlag	nátthagi	1700	1900	vel greinanleg	engin hætta	0.9	1.0	400502	526700
2812-8		garðlag	óþekkt, rétt	1700	1900	vel greinanleg	engin hætta	0.8	0.5	400506	526670
2812-9		garðlag	óþekkt, rétt	1700	1900	vel greinanleg	engin hætta	0.8	0.5	400504	526684